

SAMÞYKKT

um fráveitur í sveitarfélaginu Norðurþingi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Almennt.

Samþykkt þessi gildir um fráveitumál í sveitarfélaginu Norðurþingi, eins og hún er skilgreind í 3. tl. 3. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og nær til allra fasteigna íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi. Samþykktin nær til allra fráveitna, þar með talið allra mannvirkja sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli svo sem rotþróa, annarra hreinsivirkja, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra. Uppfylla skal ákvæði laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerðar nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns sem og annarra laga og reglugerða er settar eru um málaflokkinn.

Sveitarstjórn felur Orkuveitu Húsavíkur ohf. rekstur fráveitumála og framkvæmd samþykktar þessarar.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

Orkuveita Húsavíkur ohf. heldur skrá yfir hreinsivirki, þ.m.t. rotþrær með siturlögnum svo og settanka og færir staðsetningu þeirra á skipulagsgögn sveitarfélagsins. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Jafnframt skal losunar- og hreinsitæki vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

2. gr.

Markmið.

Markmið samþykktar þessarar er að:

- afmarka skyldur sveitarfélagsins hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir.
- tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið.
- skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna.
- stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

II. KAFLI

Fráveitur.

3. gr.

Rekstur.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á rekstri og uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu í samræmi við 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveita sveitarfélagsins er rekin af Orkuveitu Húsavíkur ohf., sem er B-hluta fyrirtæki og að fullu í eigu sveitarfélagsins. Orkuveita Húsavíkur ohf. fer með skyldur og réttindi sveitarfélagsins hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna.

Orkuveita Húsavíkur ohf. sér um og starfrækir fráveitu á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Orkuveitan getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu en tilgreind eru í 2. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, sbr. 6. og 7. mgr. sömu greinar.

Orkuveita Húsavíkur ohf. kostar rekstur fráveitna og framkvæmdir við þær, sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga, ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sinni til reksturs og framkvæmda við þær.

4. gr.

Óheimil losun í fráveitu.

Fráveita sveitarfélagsins veitir frárennsli fyrir húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn, hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Óheimilt er að losa í fráveitur fitu, olíur, bensín, lyf, lífræn leysiefni, önnur spilliefni, föst efni eða annað sem getur truflað eða skaðað rekstur fráveitukerfisins.

Draga skal úr magni lífræns úrgangs og fasts úrgangs inn á fráveitukerfi eftir föngum, t.d. með því að hafa ristar á niðurföllum, sandskiljur eða slógrunna. Óheimilt er að nota sorpkvarnir í vaska.

5. gr.

Uppbygging fráveitna.

Í þéttbýli skulu öll hús tengd sameiginlegri fráveitu sem rekin er af Orkuveitu Húsavíkur ohf.

Fyrir stök hús í þéttbýli sem vegna landfræðilegrar stöðu er ekki hægt að tengja inn á sameiginlega fráveitu getur heilbrigðisnefnd veitt leyfi til að setja niður rotþró með siturlögn eða öðrum hreinsivirkjum sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Í dreifbýli þar sem fjöldi húsa er u.þ.b. 20 á hverja 10 ha skal sveitarstjórn sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki.

Þar sem eru húsaþyrpingar með færri húsum en miðað er við í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, skal leitast við að samnýta fráveitur til hreinsunar skólps.

Þar sem eru stök hús skal fráveita leidd í stakt hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn, sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Fráveita frá salernum í gripahúsum skal leidd í hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn ásamt sigvatni frá haughúsum, skolvatni frá þvottastöðum o.þ.h. Þar sem við á skal leiða fituríkt fráveituvatn um fituskilju, t.d. frá mjólkurhúsum.

Atvinnustarfsemi í dreifbýli sem ekki getur tengst safnkerfi og sameiginlegu hreinsikerfi en losar meira en 50 pe skal reka eigið hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn, sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Í skipulagðri frístundabyggð skal landeigandi eða félag í frístundabyggð koma á fót sameiginlegri fráveitu með hreinsivirki þar sem fjöldi húsa er u.þ.b. 20 á hverja 10 ha.

Fyrir stök hús sem ekki geta tengst sameiginlegri fráveitu skal húseigandi koma fyrir rotþró með siturlögn eða öðrum hreinsivirkjum sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Leitast skal við að hafa sameiginlega fráveitu frá skipulögðum hverfum fyrir hvers konar tómstundabúskap og hesthúsaferfi. Fráveita frá salernum, ásamt sigvatni frá haughúsum og skolvatni frá þvottastöðvum, skal leidd í hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögnum.

6. gr.

Hreinsun og losun rotþróa.

Um hreinsun og losun rotþróa gildir samþykkt nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanteknum Húsavíkurbæ og gilda ákvæði samþykktar nr. 671/2003 einnig fyrir þéttbýlið Húsavík í Norðurþingi.

7. gr.

Atvinnustarfsemi.

Frá atvinnustarfsemi skal forhreinsa fráveituvatn áður en því er hleypt inn á fráveitukerfi sveitarfélaga eða í viðtaka um eigin lagnakerfi. Atvinnustarfsemi sem ber að hafa starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, ber að fara eftir þeim skilyrðum um hámarks magn mengandi efna sem sleppt er um fráveitu til viðtaka, t.d. um magn lífrænna efna, svifagnir, málma, leiðni, sýrustig o.þ.h. sem fram koma í starfsleyfum þeirra.

Rekstraraðilar fyrirtækja bera fulla ábyrgð á að fylgjast með hreinsivirkjum og að láta tæma þau og hreinsa reglulega, þannig að tryggt sé að þau yfirfyllist ekki, geti tekið við mengunarslysum og að virkni þeirra sé háværkuð. Rekstraraðilar bera allan kostnað af rekstri, viðhaldi og þjónustu við hreinsivirki fráveitna. Að öðru leyti gilda eftirfarandi kröfur:

- Við skipulag iðnaðarsvæða og atvinnuhúsnæðis er krafa um að fráveita frá gólfum og vinnu-sölum sé aðskilin fráveitu frá salernum, þannig að auðvelt sé að koma hreinsivirkjum fráveitu frá vinnslu, jafnvel þótt starfsemin breytist.
- Í hvers konar starfsemi þar sem unnið er með olíur, olía geymd eða tekið á mótí úrgangsolíu skal leiða fráveitu frá gólfum og vöskum í vinnusal sem og fráveitu frá niðurföllum í plönnum um olíuskilju. Olíuskiljur skulu hannaðar samkvæmt stöðlum um olíuskiljur nr. IST EN 1825-1:2004 og IST EN 858-2:2003. Miða skal við að hámark olíu í fráveituvatni frá olíuskiljum sé 15 ppm (= 15 mg/l).
- Þar sem starfsemi er mjög lítil eða magn olíu er hægt að samþykkja undanþágur frá kröfu um olíuskilju gegn því að niðurföllum sé lokað varanlega.
- Í matvælafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum þar sem unnið er með fitu skal leiða fráveitu frá gólfi og vöskum í vinnusal sem og fráveitu frá niðurföllum á plönnum ef við á um fituskilju. Fituskiljur skulu hannaðar þannig að hámarks magn fitu frá fituskilju sé 100 mg/l þar sem endanlegur viðtaki fráveitunnar flokkast sem síður viðkvæmur en 50 mg/l þar sem viðtaki flokkast sem viðkvæmur.
- Auk efnispátta sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum einstakra fyrirtækja gilda eftirfarandi losunarmörk um frárennsli sem losað er inn á lagnakerfi sveitarfélaga sem eru aðilar að samþykkt þessari eða er losað eftir lögnum í eigu atvinnustarfsemi beint í viðtaka:

Mælipáttur	Síður viðkvæmur viðtaki	Viðkvæmur viðtaki
Lífræn efni sem COD, mg/l O ₂	1.000	125
BOD mg/l O ₂		25
Svifagnir, mg/l	500	35
Olía, mg/l	15	15
Fita, mg/l	100	50
Hitastig að hámarki, °C	35	35
Sýrustig, pH meðaltal fyrir vinnsludag	6,5-10	6,5-10

8. gr.

Samveitur.

Húseigendum ber að halda aðskildu menguðu fráveituvatni (s.s. húsaskólpi, iðnaðarskólpi, skólpi frá gripahúsum) og öðru fráveituvatni (s.s. ofanvatni, kælivatni, ræsivatni, frárennslisvatni hitaveitu og því sem fer í regnvatnslögn).

Við skipulag nýrra hverfa skal hanna fráveitukerfi þannig að unnt sé að taka við menguðu fráveituvatni og leiða til skólphreinsistöðvar og öðru fráveituvatni og leiða með regnvatnslögn til viðtaka eftir viðhlítandi hreinsun eftir því sem við á.

Í eldri hverfum skal leitast við að leggja tvöföld fráveitukerfi skv. 2. mgr. við endurnýjun lagna.

Sveitarfélagið eða aðilar sem þau fela það verkefni eru ábyrg fyrir þjónustu við sameiginlegar fráveitur, þ.e. frá lóðarmörkum. Innan lóðarmarka ber húseigandi eða umsjónarmaður húss ábyrgð á lögnum og brunnum.

9. gr.

Minni hreinsivirki.

Rotþrær skulu uppfylla kröfur og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um stærð og siturlagnir og vera samþykktar af heilbrigðisnefnd.

Hreinsivirki önnur en rotþrær, sem geta hreinsað fráveituvatn jafnvel eða betur en rotþrær og siturlagnir, skulu samþykktar af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, eftir því sem við á.

Við stök hús skulu hreinsivirki, rotþrær og siturlagnir staðsett innan lóða a.m.k. 10 m frá húsi og a.m.k. 10 m frá lóðamörkum þar sem það er mögulegt.

Þar sem fleiri hús eða húsaþyrpingar eru tengd inn á rotþrær og siturlagnir eða önnur hreinsivirki skal staðsetning háð leyfi í deiliskipulagi.

Aðgengi stórra bíla til tæminga á hreinsivirkjum og rotþróum skal vera gott.

Rotþrær, siturlagnir og önnur hreinsivirki skal sýna á afstöðuteikningum og á lagnateikningum húsa.

Í rotþró og önnur stök hreinsivirki skal leiða skólþ, baðvatn og þvottavatn úr öllum niðurföllum innan húss. Ekki skal leiða afrennsli frá ofnum eða afbræðslukerfum, heitum pottum, þakvatn eða annað yfirborðsvatn í rotþró og önnur stök hreinsivirki. Heimilt er að leiða sturtuvatn gegnum síur í aftasta hólf rotþróar.

Orkuveita Húsavíkur ohf. skal halda skrá yfir öll stök hreinsivirki í sveitarfélaginu, svo sem rotþrær og siturlagnir þeirra, og skipuleggja reglubundna tæmingu eftir þörfum.

Komi til bilana eða stíflna milli tæminga bera eigendur viðkomandi hreinsivirkja ábyrgð á að láta tæma þrærnar og gera við á eigin kostnað.

Eingöngu þeir sem hafa starfsleyfi, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit, mega tæma rotþrær og önnur hreinsivirki og meðhöndla seyru.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

10. gr.

Gjaldtaka.

Orkuveita Húsavíkur ohf. skal innheimta gjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við fráveitukerfi Orkuveitu Húsavíkur ohf. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. og birt í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Af þeim fasteignum sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum Orkuveitu Húsavíkur ohf. skal árlega greiða fráveitugjald til sveitarfélagsins og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu Orkuveitu Húsavíkur ohf.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveitugjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignaskattur til sveitarsjóðs.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró og öðrum stökum hreinsivirkjum skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald til sveitarfélagsins sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignaskattur til sveitarsjóðs.

11. gr.

Kvartanir og kæruleiðir.

Hafi húseigendur kvartanir fram að færa vegna tæmingar hreinsivirkja eða ófullnægjandi fráveitukerfis skal koma slíkri kvörtun á framfæri við heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. XVIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

12. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og skv. 10. mgr. 4. gr. laga nr.

Nr. 1706

28. desember 2023

9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 908/2018 um fráveitur í sveitarfélaginu Norðurþingi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. desember 2023.

F. h. r.

Gunnlaug Helga Einarsdóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 12. janúar 2024